

FRÁ RITSTJÓRA / FROM THE EDITOR

Árið 2013 verður haldin í fyrsta sinn á Íslandi ráðstefna norræna landfræðinga. Þessi ráðstefna er sú fimmta í röð slíkra og verður að teljast talsverður viðburður fyrir hið litla íslenska landfræðisamfélag. Norrænu ráðstefnurnar hafa skapað sér gott orðspor og eru orðnar að alþjóðlegum viðburði sem dregur til sín þátttakendur mun víðar að úr heiminum. Undirbúningur er þegar kominn á skrið. Með yfirskrift ráðstefnunnar 2013, *Responsible Geographies*, er vísað til ábyrgðar landfræðinga og annarra gagnvart náttúru og mannlegu lífi.

Á undanförunum árum, í kjölfar hrunsins margumrædda 2008, hefur ábyrgð vísinda- og fræðifólks einmitt oft borið á góma hér á landi. Krufning þess sem gerðist á því herrans ári, forsögu og síðari framvindu, er einmitt viðfangsefni einnar ritryndrar greinar þessa heftis *Landabréfsins*. Í annarri grein er horft til umhverfisbreytinga: Ábyrgðin á eyðingu birkiskóganna hefur hvílt eins og mara á Þjóðarsálinni um langan tíma, en með hlýnandi loftslagi og breyttri landnýtingu blasir við nýr veruleiki. Einnig birtist í tímaritinu ítarleg grein um merkilegan leiðangur yfir Vatnajökul árið 1912. Lestur hennar leiðir einnig hugann að spurningum um ábyrgð – gagnvart fjölskyldu, félögum og fræðasamfélagi. Loks skal nefna tvö styttri innlegg sem fjalla um allt önnur efni, en snerta samt ábyrgð með einum eða öðrum hætti. Hvernig má sýna hagræn og félagsleg gögn þannig að almenningur eða þeir sem ákvarðanir taka geti greint meginatriðin sem best? Og hver ber ábyrgð á varðveislu hverfulla, stafrænna landupplýsinga fyrir komandi kynslóðir?

Njótið lestursins – af ábyrgð.

In 2013, the *Nordic Geographers Meeting* will be held for the first time in in Iceland. This conference is the fifth of its kind and must be seen as a certain milestone for the small community of geographers in Iceland. The Nordic conferences have established a good reputation well beyond the Nordic sphere, and have become an international event that attracts many non-Nordic participants. The heading of the 2013 conference, *Responsible Geographies*, alludes to the multiple responsibilities carried by geographers other academics for nature and human life.

In recent years, following the much-debated 2008 crash, the responsibility of academics has of course often been discussed in this country. What happened in that fateful year is the subject matter of one of the articles in this issue of *Landabréfið*. In another article, the focus is on environmental change: the responsibility for destroying the birch forests in Iceland has been the source of agony for the nation for a long time, but the warming of climate and changing land use has changed the scene. Also published is an article about a remarkable expedition that crossed the Vatnajökull ice cap in 1912. The reading of this article too leads one to think about responsibilities – towards family, travelling companions, and the academic community. Finally, two shorter contributions of a very different nature are included; yet they touch upon questions of responsibility. How can economic and social data be presented to the public and decision makers in the most effective way? And who is responsible for the preservation of ephemeral digital geographical data for future generations?

Enjoy reading – responsibly.

Karl Benediktsson